

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 238/2010

2011/EES/55/12

frá 22. mars 2010

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar kröfuna um merkingu drykkjarvara sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál og innihalda tiltekin litarefni fyrir matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá yfir matvælaefni þar sem merking skal innihalda þær viðbótarupplýsingar að þessi litarefni geti haft skaðleg áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna.
- 2) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er nú þegar kveðið á um undanþágu frá þeirri reglu vegna matvæla ef litarefnið hefur verið notað til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn.
- 3) Litarefnið, sem skráð eru í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, má nota í tiltekna áfenga drykki, t.d. kryddvín, drykki sem eru að stofni til úr kryddvíni og hanastél sem eru blönduð með kryddvíni, ávaxtavín, eplavín, peruvín og tilteknar áfengar drykkjarvörur. Að teknu tilliti til þess að vörur sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál eru ekki ætlaðar til neyslu fyrir börn er viðbótarmerkingin, sem kveðið er á um í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, af þeim sökum hvorki nauðsynleg né viðeigandi fyrir slík matvæli.
- 4) Því ber að breyta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2010.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

Í stað neðanmálgreinarinnar „(*) Að undanskildum matvælum þar sem litarefnið hefur verið notað / litarefnið hafa verið notuð til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn“ komi eftirfarandi:

„(*) Að undanskildum:

- a) matvælum þar sem litarefnið eða litarefnið hafa verið notuð til heilbrigðismerkinga eða til annarra merkinga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn og
- b) drykkjarvörum sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 75, 23.3.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.